



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2021

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 30/2021, og birt er á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Fram kemur í umfjöllun í umræddri kynningu að með boðuðum breytingum er lagt til að sameina í eitt lög um mat á umhverfisáhrifum og lög um umhverfismat áætlana. Lögð er áhersla á að löginn verði aðgengilegri, málsmeðferð einfölduð og að aðkoma almennings og annarra hagsmunaaðila að ferlinu sé tryggð. Þá eru lagðir til einfaldaðir framkvæmdaflokkar og þeim fækkað úr þremur í tvo. Þá segir að drögin eru byggð á tillögu starfshóps um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að auka skilvirkni í málsmeðferð og tryggja sem best aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila að ferlinu í samræmi við markmið Árósasamningsins.

SI benda á að samtökin hafa á fyrri stigum sent umsagnir um mál er varða boðaða breytingu, sbr. umsagnir dags. 2. október 2018 og 25. nóvember 2020, vegna mála nr. 107/2018 og 243/2020, og ítreka samtökin hér með fyrri umsagnir að svo miklu leyti sem ekki hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga samtakanna sem þar koma fram.

Að gefnu tilefni benda SI einnig á að í athugasemdum í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum segir í 5. kafla, þ.e. umfjöllun um samráð á fyrri stigum, að starfshópurinn sem vann frumvarpsdrögin hafi við þá vinnu kynnt sér skýrslu VSÓ um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum og tekið mið af tillögum hennar. Er um að ræða skýrslu um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum sem VSÓ ráðgjöf vann á vegum Samorku, SA, SI og FRV og vísað var til í framangreindri umsögn SI frá 25. nóvember 2020. Þrátt fyrir almenna tilvísun í áður nefndum 5. kafla liggur ekki fyrir í fyrirliggjandi drögum með hvaða hætti tekið var tillit til þeirra ábendinga eða hvaða ákvæði eða kaflar frumvarpsdraganna endurspeglar þær tillögur eða ábendingar sem fram komu í umræddri skýrslu. Í ljósi þessa telja SI mikilvægt að í endanlegu frumvarpi verði nánar skýrt með hvaða hætti tekið var tillit til skýrslunnar og hvaða ákvæði endurspeglar þær áherslur sem fram koma í skýrslunni.

Að öðru leyti gera SI ekki frekari athugasemdir um mál þetta að svo stöddu máli. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Virðingarfyllt,

Lára M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála